

## **Sérstakar verklagsreglur Hafnarfjarðarkaupstaðar um tilfærslur innan málaflokka fjárhagsáætlunar hvers árs**

### **1. gr.**

#### **Fjárhagsáætlun og viðauki.**

Fjárhagsáætlun hvers árs er bindandi ákvörðun sveitarstjórnar um fjárheimild ársins. Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina.

### **2. gr.**

#### **Tilfærslur innan málaflokka án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki.**

Tilfærslur á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar og millifærslu innan málaflokka eru heimilár án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, enda feli þær ekki í sér hækkun eða lækkun á fjárheimild málaflokksins í heild.

Áður en kemur til tilfærslu samkvæmt 1. mgr. skal sviðsstjóri leggja fram beiðni um tilfærslu til bæjarstjóra og sviðsstjóra fjármálasviðs á eyðiblaði sem er fylgiskjal nr. I með reglum þessum. Verði beiðnin samþykkt undirrita bæjarstjóri og sviðsstjóri fjármálasviðs beiðnina til samþykktar. Beiðnin skal kynnt á næsta fundi bæjarráðs.

Hámarks tilfærsla samkvæmt þessari grein er kr. 5.000.000.

Tilfærslur samkvæmt þessari grein skulu færðar í viðauka við fyrsta tækifæri, þ.e. þegar til þess kemur næst að viðauki er lagður fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Gefist ekki slíkt tækifæri skulu þær tilfærslur sem gerðar hafa verið skv. reglum þessum færðar í sérstakan viðauka eigi síðar en við lok fjárhagsársins.

### **3. gr.**

Reglur þessar eru settar með vísan til 4. gr. fylgiskjals nr. III með reglugerð nr. 1212/2015 sbr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum.

Samþykkt á fundi bæjarráðs xxxxxxx